



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2021

2102048SA KB/bg/em
Málalykill: oo.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur – endurvinnsla og skilagjald, 505. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 18. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarpi. Með frumvarpinu er ætlunin að fylgja eftir hluta þeirra tillagna sem fram koma í skýrslu starfshóps um drykkjarvöruumbúðir frá júlí 2018 auk þess sem lagðar eru til nauðsynlegar breytingar á skilagjaldi og umsýsluþóknun. Meðal nýmæla er að markmiðsákvæði sé bætt við löggin, að skilakerfið nái til fleiri aðila en verið hefur og heimild ráðherra til að setja ákvæði um söfnunarmarkmið og stærð umbúa í reglugerð.

Í 2. gr. kemur fram að setja eigi ákvæði er felur í sér að hluthöfum Endurvinnslunnar hf. sé eingöngu heimilt að úthluta hóflegum arði af því hlutafé sem þeir hafa lagt fram í félagið, sbr. viðmið um meðalinnlánsvexti fjármálastofnana. Sambandið styður slíkt ákvæði enda er hlutverk skilakerfa ekki að skila hagnaði til eigenda félagsins heldur að tryggja framfylgd framleiðendaábyrgðar, í þessu tilfalli, framleiðendaábyrgð á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.


Mjög ánægjulegt er einnig að sjá að sú krafa er sett á félagið að stuðla að því að umbúðir fari til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs.

Sambandið vill einnig taka undir ábendingar Endurvinnslunnar hf. um það ójafnvægi sem er milli krafna um söfnun og endurvinnslu drykkjarumbúða. Í dag bera drykkjarumbúðir sem eru hæfar til endurvinnslu skila- og umsýslugjald meðan aðrar drykkjarumbúðir greiða engin slík gjöld. Því myndast óumhverfisvænn hvati til þess að leita í aðrar umbúðir sem eru óendurvinnanlegar og bera lítil sem engin gjöld. Má þar nefna drykkjarumbúðir sem eru úr samsettum umbúðum úr plasti og áli eða pappír og plasti. Sambandið hvetur til þess að ráðuneytinu verði falið að vinna tillögur til að leysa úr þessum óæskilega hvata sem myndast í kerfinu. Rétt er að vekja athygli á því að urðunarskattur leysir ekki þetta vandamál því urðunarskattur hefur ekki áhrif á verð vöru líkt og framlengd framleiðendaábyrgð gerir ráð fyrir heldur lendir á neytendum þegar umbúðir breytast í úrgang.

Að lokum

Sambandið styður frumvarpið og óskar eftir því að fylgja umsögninni eftir á fundi umhverfis- og samgöngunefndar

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri